

Heilbrigðisyfirvöld geta krafist þess að framleiðendur eða innflytjendur tóbaks leggi fram sýnishorn af vörunni eða geri prófanir sem eru nauðsynlegar til þess að meta eiginleika og áhrif hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmdina.

- b. Við 8. mgr. sem verður 10. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við mælingar og prófanir samkvæmt þessari málsgrein, svo og við upplýsingar og prófanir skv. 8. og 9. mgr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði c-liðar 2. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 30. september 2003.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Jón Kristjánsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Chia, Mary Celestine, f. 12. maí 1967 í Singapúr.
2. Cybulska, Marzenna Katarzyna, f. 24. nóvember 1978 í Póllandi.
3. Fadel, Fadel Abd El Mogeth, f. 6. desember 1973 í Egyptalandi.
4. Gokorian, Alla, f. 28. febrúar 1972 í Rússlandi.
5. Kristbjörnsson, Gemma Fernandez, f. 12. október 1969 á Filippseyjum.
6. Michel, Marie Jacqueline Belinda, f. 6. desember 1964 í Míritíus.
7. Padron, Jalesky Garcia, f. 28. janúar 1975 á Kúbu.
8. Vassell, Keith Christophe, f. 28. júlí 1971 í Kanada.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Sólveig Pétursdóttir.